

HVERNIG SKAGAFJÖRÐUR ER TIL ORÐINN

I

Í síðasta hefti „Náttúrufræðingsins“ er, meðal annarra mikilsverðra greina, mjög fróðleg og vel saminn ritgerð eftir Jakob Líndal, húnvetnska bóndann sem af svo undraverðum áhuga og skarpleik hefir rannsakað þýðingarmikla þætti í jarðfræði landsins. Heitir ritgerðin „Drangey og hvernig hún er til orðin“. Þrátt fyrir aðdáun mína á ritgerð þessari og öðru, sem Jakob Líndal hefir um Skagafjörð skrifað, verð ég þó að gera þá athugasemd, að mér virðist sem hann hafi ekki gefið því nægilega mikinn gaum, að þarna er um mikið brotasvæði að ræða; hygg ég, að brot og landsig hafi átt mun meiri þátt í myndun Skagafjarðar en hann ætlar. Sprungurnar beggja megin fjarðarins leynd sér ekki. Mjög tilkomumikill blágrýtisgangur, sem stefnir líkt og ströndin, er í fjörunni neðanundir Ketubjörgum; og hinumegin fjarðarins, austan við Málmey, er einnig gangur með svipaðri stefnu. Skarfasker minnir mig það heiti. Er þar steypumót — eða nákvæmar sagt, leifar steypumóts — af sprungu, en sjórinn hefir eytt berginu, sem sprungan var í, vegna þess að það var linara en grjótið, sem varð af hraunleðjunni, sem fyllt hafði þessa gjá.

II

Vestan við Húnaflóa, t. d. hjá Hólmavík, kemur fróðlega í ljós, hvernig hin eldri blágrýtislög hafa brotnað og raskast, og mun flóinn mest orðinn til við landsig. Þar sem hinn ytri hluti Skagans er nú, hefir hið eldra blágrýtri jafnvel sokkið alveg í sjó, utan við þversprungu. Sprunga með líkri stefnu virðist einnig vera yfir hinn mikla Miðskaga — eins og mætti nefna hann — fjarðanna milli, og getur vel verið, að

einnig þar muni landið norðan við þennan þverbrest sökkva í sjó, þó að til þess mundi þurfa eigi allfáa tugi árþúsunda, og hafaldan mjög hjálpa til að eyða landinu.

III

Mér þykir dálítið gaman af því að hafa, jarðfræðilega talað, uppgötvað Ketubjörg og Þórðarhöfða, og þó öllu fremur Björgin en Höfðann. Ketubjörg eru jarðfræðilegur sýnistaður, sem á fyrir sér að verða frægur. Það er eins og náttúran hafi lagt sérstaka alúð við að gera þennan stað sem fróðlegastan (sjá bók mína „Om Islands Geologi“, s. 56—60). Þarna hefir á sínum tíma verið gerðarlegt eldvarp, sem jökull ísaldar síðan hefir sópað og skafið burt að mestu. Þvínæst klofnaði gosstaðurinn, ekki fjarri miðju, og sökk það sem var sjávarmegin sprungunnar, svo að vér fáum að sjá þarna hinn víða brunn, sem eldleðjan hafði komið upp um, og storkunaglann, sem varð í þessum uppgöngubrunni, en í storkunaglanum sjáum vér steingerðar síðustu tilraunirnar til gossprenginga, sem þarna urðu. Og jarðlögin í veggjum þessa gosbrunns veita oss margskonar merkilegar upplýsingar, því að þar sjáum vér hinar fróðlegu umbreyttu jökulurðir, sem hafa varpað nýju og óvæntu ljósi yfir þýðingarmikla þætti í myndunarsögu landsins, en fram að síðustu aldamótum hafði ekki tekist að þekkja, sakir þess hve frábrugðnar þær eru ísaldarjarðmyndunum þeim, sem jarðfræðingar þeir, er skoðuðu landið, höfðu áður komist í kynni við.